

## HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Flateyrarkauptún.

### I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

#### 1. gr.

Flateyrarhöfn takmarkast sjávarmegin af línu, er hugsast dregin frá Hólsnesi á Hvilftarströnd yfir fjörðinn í Ófæruklett innanverðan, og línu frá Flateyrarvita hornrétt á fyrnefnda línu.

### II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

#### 2. gr.

Gjöld þau, sem ákveðin eru í reglugerð þessari skulu renna í hafnarsjóð Flateyrarkauptúns og skal honum varið til þess að gera umbætur á höfninni og mannvirkjum, er henni heyra til, svo og til leiðbeininga við innsiglinguna.

Hreppsnefnd Flateyrarhrepps kýs þriggja manna hafnarnefnd til þriggja ára í senn, og hefir hún, undir yfirstjórn hreppsnefndar, framkvæmd hafnarmála, og eftirlit með höfninni, sér um viðhald og umbætur á henni og á eignum hennar, stýrir öllum framkvæmdum er þar að lúta og annast fjárhald hafnarinnar, innheimtu og reikningsskil fyrir hönd hreppsnefndar.

Hreppsnefndin veitir fé úr sjóðnum til umræddra framkvæmda, eftir tilögum hafnarnefndar, og ákveður hvernig hann skuli ávaxta, enda ber hún ábyrgð á eignum hans eins og öðrum eignum hreppsfélagsins.

Reikningar hafnarsjóðs skulu fylgja sveitarsjóðsreikningunum og endurskoðast og úrskurðast ásamt þeim.

### III. KAFLI

Höfnin og legur skipa.

#### 3. gr.

Fiskiskip og önnur skip, er ekki ferma eða afferma, mega aldrei leggjast svo á höfnina, að tálmi fermingu eða affermingu annara skipa, og skulu þau í hvert skipti skyld til að hlýða boði hafnarnefndar eða umboðsmanns hennar um það, hvar þau skuli leggjast. Skip mega aldrei leggja svo frá sér strengi eða

önnur festartæki, að umferð tálmi. Festartæki frá skipi má aldrei leggja yfir alfaraleið.

26  
12. apríl

4. gr.

Vélbátum þeim, er liggja við sérstök legutæki á höfninni, má ekki leggja svo að hindri eða tefji umferð um höfnina.

5. gr.

Hafnarnefnd getur ákveðið hvar og hvernig legufæri báta og skipa skuli lögð. Enginn má flytja legutæki báts síns nema með leyfi hafnarnefndar, en heimilt er eiganda þeirra að taka þau upp án leyfis nefndarinnar.

6. gr.

Seglfestu má hvergi kasta út á höfninni nema með leyfi hafnarnefndar, og seglfestu má hvergi taka nema með leyfi landeiganda eða umráðamanna. Hafnarnefnd getur bannað að kastað sé í höfnina fiskiúrgangi hverskonar og öllu öðru, er óþrifum kann að valda.

#### IV. KAFLI

##### Hafnarmannvirki einstakra manna og félaga innan hafnarinnar.

7. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram, neina bryggju eða önnur mannvirki, né heldur breyta þeim mannvirkjum sem nú eru, og ekki fylla upp eða dýpka út frá landi, nema hreppsnefnd hafi veitt samþykki sitt til þess, að fengnum tillögum hafnarnefndar. Skjóta má þó úrskurði hreppsnefndar undir úrskurð stjórnarráðsins.

Sá, sem fengið hefir leyfi til að gera slíkt mannvirki skal halda því svo vel við að engin hættu stafi af því. Brot gegn því varða sektum frá 10—200 kr. og hafnarnefndin getur látið nema burtu mannvirkið á kostnað eigandans.

Nú hefir bryggja eða annað mannvirki legið ónotað í 5 ár samfleytt, og er þá hafnarnefnd heimilt að láta taka það burtu án endurgjalds til eigandans.

8. gr.

Við bryggju eða uppfyllingu einstakra manna eða félaga innan hafnarinnar hafa skip rétt til að leggjast að í sömu röð og þau koma inn og sækja um það, þó skulu skip, sem sigla eftir fastri áætlun hafa forgangsrétt. Þó skal bryggja síldarverksmiðjunnar á Sólbakka vera undanþegin þessu ákvæði um síldveiðitímamán ár hvert.

9. gr.

Við hverja bryggju einstakra manna eða félaga, sem skipum er ætlað að leggjast að, skal vera umsjónarmaður, er hafnarnefnd tekur gildan.

## 26

12. apríl

## 10. gr.

Um lýsingu slíkra mannvirkja, þrífnað á þeim og ýms nauðsynleg áhöld, svo sem stiga, landgöngubrýr, björgunarhringi o. s. frv. fer eftir þeim fyrirmælum hafnarnefndar, er hún setur á hverjum tíma, og gilda jafnt fyrir allar bryggjur og uppfyllingar innan hafnarinnar.

## V. KAFLI

## Um hafnargjöld.

## 11. gr.

Öll skip, 12 smálesta og þar yfir, skulu greiða hafnargjöld er þau koma á Flateyrahöfn og hafa eitt hvert samband við land til þess að taka eða skila farþegum, vörum o. ö. þ. h.

Undanþegin hafnargjaldi eru herskip, varðskip, skip sem hafa skirteini sem skemmtiferðaskip, skip sem gerð eru út til vísindarannsóknna, skip sem leita hafnar vegna sjóskemmda, og skip er leita hafnar vegna óveðurs, en hafa ekkert samband við land.

Hafnargjöld greiðist af nettostærð skipa og reiknast í heilum tölum, en brotum skal sleppa.

## 12. gr.

- a. Skip, sem eru eign búsettra manna við hafnarsvæðið eða skrásett þaðan og ekki eru í millilandasiglingum, skulu greiða hafnargjald einu sinni á ári, 25 aura af smálest hverri, þó ekki minna en 10 krónur á ári, með gjalddaga 1. júlí ár hvert.
- b. Fiskiskip greiði 4 aura af smálest hverri, þó ekki oftari en 5 sinnum á ári.
- c. Innland strandferðaskip greiði í fyrsta sinn á ári hverju, er þau koma í Flateyrahöfn, 20 aura af smálest hverri í hafnargjald, en ekkert, þó þau komi oftari á því ári.
- d. Öll önnur skip, sem til hafnarinnar koma, og hafa samband við land, greiði 4 aura af smálest hverri, í hvert skipti er þau koma í Flateyrahöfn.

## 13. gr.

Skip, sem lagt er við föst legugögn á höfninni greiði árlega fyrir það, sem hér segir:

- a. Ef þau eru skrásett frá Flateyrarkauptúni og eru að öllu leyti eign manna búsettra við hafnarsvæðið greiði opnir bátar 5 krónur, vélbátar með þilfari 10 krónur, stærri skip 15 krónur með gjalddaga 1. október ár hvert.
- b. um aðra báta eða skip fer eftir samkomulagi við hafnarnefnd.

## VI. KAFLI

26

12. apríl

## Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

## 14. gr.

Gjaldkeri hafnarnefndar sér um innheimtu hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hans.

## 15. gr.

Skipstjóri eða formaður ber ábyrgð á greiðslu hafnargjalda. Hafnarsjóður hefir haldrétt á skipum unz gjöldin eru greidd. Að svo miklu leyti, sem ákveðnir gjalddagar eru ekki ákveðnir í reglugerð þessari, skal greiða þau áður en skip fer burt úr höfninni.

## 16. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

## VII. KAFLI

## Ýms ákvæði.

## 17. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum lagareglum.

Ef samningum verður ekki viðkomið um skaðabætur fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, skulu þær ákveðnar af þremur óvillhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það frá því einn mánuður er liðinn frá því er matsgerð var lokið. Yfirmat skal fram fara af fimm óvillhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, er þess hefir krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en nemi 10% af hinni ákveðnu skaðabótaupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

## 18. gr.

Enginn, sem bakað hefir sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, er hafnarnefnd tekur gilda.

## 19. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 10—400 krónur nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum.

Sektirnar skulu renna í hafnarsjóð Flateyrarkauptúns.

26

12. apríl

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögglumál.

Reglugerð þessi er hér með sett samkv. lögum nr. 76, 14. nóv. 1917, til að öðlast gildi 15. apríl 1933, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið 12. apríl 1933.*

**Magnús Guðmundsson.**

*Vígfús Einarsson.*

27

18. apríl

**Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Ólafs Högnasonar og Ingveldar Jónsdóttur í Eyjarhólum“, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 18. apríl 1933. Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir **Minningarsjóð Ólafs Högnasonar og Ingveldar Jónsdóttur í Eyjarhólum.**

1. gr.

Sjóðurinn heitir **Minningarsjóður Ólafs bónda Högnasonar og Ingveldar Jónsdóttur í Eyjarhólum.**

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður árið 1929 af afkomendum Ólafs Högnasonar og Ingveldar Jónsdóttur búandi hjóna í Eyjarhólum frá 1829—1869 í tilefni af því að hundrað ár eru liðin frá því þau hjón bygðu nýbýlið Eyjarhóla í Dyrhólahreppi í Vestur-Skaftafellssýslu.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 1121,48 — ellefu hundruð tuttugu og ein og 48/100 —, sem þegar er lagt fram, og getur það aukizt með tillögum þeirra afkomenda nefndra hjóna, sem síðar kynnu að vilja styrkja hann. Auk þess leggjast við höfuðstól ársvextir samkv. 5. gr.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins má aldrei skerða, né heldur það, sem við það er lagt, hvort heldur það er tillag eða vextir. Sjóðurinn skal ávaxtast í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands.

5. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn 5000 — fimm þúsund — krónur má verja helm-ing ( $\frac{1}{2}$ ) ársvaxtanna annað hvert ár til verðlauna handa einum manni innan Dyrhólahrepps, fyrir dugnað við: